

## Fjármál hins opinbera 2011

### General government finances 2011

#### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 88,5 milljarða króna árið 2011 eða 5,4% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 155 milljarða króna árið 2010 eða 10% af landsframleiðslu. Án áfallinna ríkisábyrgða vegna banka og lánasjóða var tekjuhallinn 69 milljarðar króna 2011 og 99 milljarðar króna 2010 eða 6,5% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu 681 milljarði króna og hækkuðu um 43,6 milljarða króna milli ára eða 6,8%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 41,9% samanborið við 41,5% 2010 og 41,0% 2009. Útgjöld hins opinbera voru 769 milljarðar króna og lækkuðu um 22,5 milljarð króna milli ára eða 2,8%, úr 51,5% af landsframleiðslu 2010 í 47,3% 2011. Án áfallinna ríkisábyrgða jukust útgjöld hins opinbera hins vegar um tæpa 14 milljarða króna.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 147,5 milljarðar króna 2011 eða 9,1% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 118,5 milljarðar króna en hlutur heimila um 29 milljarðar eða 19,6%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 372 þúsundum króna og lækkuðu um 3,6 þúsund krónur milli ára, en frá árinu 2008 hafa þau lækkað um 45 þúsund krónur á mann á verðlagi 2011 eða um 11%. Á árunum 2002 til 2008 voru þau svipuð á föstu verði eða á bilinu 405–415 þúsund krónur á verðlagi 2011.

Til fræðslumála var ráðstafað 128 milljörðum króna 2011 eða 7,9% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera ríflega 116 milljarðar króna og hlutur heimilanna rúmlega 12 milljarðar króna eða 9,4%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 365 þúsund krónum og hafa þau lækkað um 52 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2011 eða um ríflega 12%.

Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 191 milljarði króna 2011 eða 11,7% af landsframleiðslu (fjórðungur heildarútgjalda hins opinbera), en nokkur hækkun varð milli ára. Til þessara þriggja málaflokka ráðstafaði hið opinbera um 443 milljörðum króna árið eða 27,3% af landsframleiðslu og 57,6% af heildarútgjöldum þess.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var neikvæð um 899 milljarða króna í árslok 2011 eða sem svarar 55,3% af landsframleiðslu. Hún versnaði um 159 milljarða króna milli ára eða 7,1% af landsframleiðslu. Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.283 milljörðum króna í árslok 2011 (78,9% af landsframleiðslu) og heildarskuldir 2.182 milljörðum króna (134,2% af landsframleiðslu).

#### Inngangur

*Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti*

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að



afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um umfangsmestu málaflokka hins opinbera, þ.e. heilbrigðis-, mennta- og velferðarmál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Einnig verður vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera og breytingum á þeim. Að lokum verður stuttlega vikið að hinum opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hinu opinbera og fyrirtækjum þess (e. *public sector*). En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits


## Umfang hins opinbera

*Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar*

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2011

*Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2011*



Árið 2011 runnu 71,9% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,9% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Af tekjum ríkissjóðs runnu 37,4% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 158,9 milljarðar króna til almannatrygginga og 24,3 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 19,3% eða 148,4 milljarðar króna, sveitarfélaga 28,1% eða 215,8 milljarðar króna, og ríkissjóðs 52,7% eða 405,2 milljarðar króna.

## Afkoma hins opinbera


*Tekjuhalli hins opinbera nam 5,4% af landsframleiðslu 2011 samanborið við 10,1% 2010*

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 88,5 milljarða króna árið 2011 eða 5,4% af landsframleiðslu og 13% af tekjum, en án áfallinna ríkisábyrgða var tekjuafkoman neikvæð um rúmlega 69 milljarða króna. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 10,1% af landsframleiðslu árið 2010, en án áfallinna

ríkissábyrgða um 99 milljarða króna eða 6,5% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2011 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 46,8 milljarða króna milli ára en aðrar tekjur drógust saman um 3,3 milljarða króna. Á sama tíma drógust útgjöld hins opinbera saman um 22,5 milljarða króna milli ára, en án áfallinna ríkissábyrgða 2010 og 2011 vegna lánasjóða og banka jukust útgjöld hins opinbera hins vegar um 13,7 milljarða króna. Þar af vógu þyngst félagslegar tilfærslur sem jukust um rúmlega 18 milljarða króna og samneysluútgjöld sem jukust um 12,6 milljarða króna milli ára. Á móti þessari útgjaldaaukningu vóg ríflega 15 milljarða króna samdráttur í fjárfestingu.

## Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



## Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2005–2011

Table 1. General government finances 2005–2011

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,9
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	769,3
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	50,2	73,8	70,7	-200,2	-149,0	-154,6	-88,5
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	47,1	48,0	47,9	44,1	41,0	41,5	41,9
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	42,2	41,7	42,5	57,7	51,0	51,5	47,3
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	4,9	6,3	5,4	-13,5	-10,0	-10,1	-5,4
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	4,4	5,3	3,9	-12,9	-8,3	-9,3	-5,7
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	0,1	0,3	0,6	-0,9	-1,0	-0,8	-0,1
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,4	0,7	0,9	0,3	-0,7	0,1	0,4

Tekjuafkoma ríkissjóðs ræður miklu um afkomu hins opinbera í heild, en afkoma hans var neikvæð um 92,6 milljarða króna árið 2011 eða 5,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma hans neikvæð um 143,6 milljarða króna árið 2010 eða 9,3% af landsframleiðslu. Án áfallinna ríkissábyrgða var afkoma ríkissjóðs neikvæð um 4,5% af landsframleiðslu árið 2011 og 5,4% árið 2010. Almannatryggingar voru reknar með 6,2 milljarða króna tekjuafgangi árið 2011, sem skýrist fyrst og fremst af 6 milljarða króna tekjuafgangi Atvinnuleysistrygg-ingasjóðs. Til

samanburðar voru almannatryggingar reknar með 2 milljarða króna tekjuafgang árið 2010.

*Tekjuhalli sveitarfélaga var 2,1 milljarður króna 2011 samanborið við um 13 milljarða króna 2010*

Tekjuhalli sveitarfélaga árið 2011 var 2,1 milljarður króna eða 0,1% af landsframleiðslu og 1% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli þeirra um 13 milljarðar króna árið 2010 eða 0,8% af landsframleiðslu. Tekjur sveitarfélaga hækkuðu um rúmlega 22 milljarða króna milli ára, en þar af hækkuðu skatttekjur um 17,7 milljarða króna. Á sama tíma jukust samneysluútgjöld þeirra um 12 milljarða króna, en fjárfesting dróst hins vegar saman um tæpa 5 milljarða króna.

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist 17 milljörðum króna lakari en bráðabirgðatölur frá mars á þessu ári bentu til eins og lesa má úr töflu 2. Meginskýringin er á útgjaldahlíð fjármálanna og vegur þar þyngst um 14 milljarða króna frávik í tilfærsluútgjöldum, sem skýrist fyrst og fremst af 19,2 milljarða króna áföllnum ríkisábyrgðum vegna SpKef. Þá voru vaxtagjöld á rekstrargrunni vantalin um tæpa 8 milljarða króna og sömuleiðis félagslegar tilfærslur til heimilanna um 4 milljarða króna. Á móti vegur um 7 milljarða króna ofmat á fjárfestingu ársins.

## Tafla 2. Fjármál hins opinbera, meginfrávik frá marstölum 2011

Table 2. General government finances, main deviation from March figures 2011

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	Mars <i>March</i>	September	Frávik <i>Deviation</i>
<b>Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>679,6</b>	<b>680,9</b>	<b>1,3</b>
<b>Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>751,0</b>	<b>769,3</b>	<b>18,3</b>
Laun <i>Wages and salaries</i>	236,2	236,1	-0,1
Kaup á vöru og þjónustu <i>Purchase of G&amp;S</i>	190,6	190,2	-0,4
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	75,7	83,5	7,8
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,6	28,2	0,6
Fjárframlög <i>Grants</i>	5,1	4,5	-0,6
Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	134,8	138,8	4,0
Tilfærsluútgjöld <i>Other expense</i>	44,6	58,5	13,9
Fjárfesting <i>Net acquisition. of nonfin. assets</i>	36,4	29,5	-6,9
<b>Tekjuafkoma <i>Net lending / borrowing</i></b>	<b>-71,5</b>	<b>-88,5</b>	<b>-17,0</b>

## Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera námu 41,9% af landsframleiðslu árið 2011 og hækkuðu lítillega milli ára.*

Tekjur hins opinbera námu um 681 milljarði króna árið 2011 og hækkuðu um 43,6 milljarða króna milli ára eða 6,8%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 41,9% samanborið við 41,5% 2010 og 41,0% árið 2009. Hæst mældust tekjur hins opinbera árin 2007 og 2008 eða um 48% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 30,6% af landsframleiðslu 2010 í 30,5% 2011, en tekjur sveitarfélaga hækkuðu hins vegar úr 12,5% af landsframleiðslu í 13,2%. Tekjur almanna-trygginga námu 9,9% af landsframleiðslu árið 2011 og hækkuðu um 0,6 prósentu- stig milli ára. Hækkunin skýrist einkum af auknum fjárframlögum til lífeyris-trygginga.

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 584,5 milljörðum króna 2011 eða 35,9% af landsframleiðslu*

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld sem skila hinu opinbera 584,5 milljörðum króna árið 2011, eða 85,8% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 35,0% af landsframleiðslu árið 2010 í 35,9% árið 2011, en hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 41,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, hafa hins vegar dregist nokkuð saman milli ára. Árið 2011 skiluðu þær hinu

opinbera 93,4 milljörðum króna eða 5,7% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 6,3% árið 2010.


**Tafla 3. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2005–2011**

*Table 3. General government total revenue 2005–2011*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hið opinbera <i>General government</i>	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,9
Ríkissjóður <i>Central government</i>	363,6	412,8	454,6	476,9	447,4	470,8	495,8
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	130,7	161,2	185,3	193,4	189,3	192,6	14,8
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	81,2	90,8	103,3	113,2	133,6	142,9	154,5
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	47,1	48,0	47,9	44,1	41,0	41,5	41,9
Ríkissjóður <i>Central government</i>	35,4	35,3	34,7	32,2	29,9	30,6	30,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,7	13,8	14,2	13,1	12,6	12,5	13,2
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,9	7,8	7,9	7,6	8,9	9,3	9,9

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**

*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



**Tafla 4. Megintekjustofnar hins opinbera 2005–2011**


*Table 4. General government main income types 2005–2011*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	483,6	560,5	623,8	653,6	614,3	637,3	680,9
Skatttekjur <i>Taxes</i>	383,7	445,4	490,5	500,8	459,9	474,1	517,7
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	32,8	38,4	39,6	41,6	45,9	63,6	66,8
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,2	1,4	1,1	1,5	2,2	2,4	2,9
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	65,9	75,2	92,6	109,6	106,3	97,2	93,4
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	47,12	47,98	47,93	44,15	41,02	41,48	41,86
Skatttekjur <i>Taxes</i>	37,39	38,13	37,69	33,83	30,71	30,85	31,83
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	3,19	3,29	3,04	2,81	3,07	4,14	4,11
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,11	0,12	0,09	0,10	0,14	0,16	0,18
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,42	6,44	7,11	7,41	7,10	6,33	5,74

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera rúmlega 266 milljörðum króna árið 2011 (sjá töflur 6 og 22) eða 45,5% skatttekna og tryggingagjalda en það svarar til 16,4% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu ríflega 197 milljörðum króna eða 33,8% þessara tekna og um 12,1% af landsframleiðslu. Virðisaukaskattur nam rúmlega 131 milljarði króna eða 8% af landsframleiðslu.

#### Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignarskattar hins opinbera námu 37,4 milljörðum króna árið 2011, eða 2,3% af landsframleiðslu. Þar af skiluðu fasteignaskattar 27,8 milljörðum króna, skattar á hreina eign (auðlegðaskattur) 6,3 milljörðum króna og skattar á fjármagnsviðskipti (stimpilgjöld) 2,9 milljörðum króna.

#### Tafla 5. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2005–2011

Table 5. General government taxes and social contributions 2005–2011

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skattar og tr.gjöld Taxes and social contrib.	40,6	41,4	40,5	36,6	33,8	35,0	35,9
Skattar á tekjur og hagnað Taxes on income	17,6	18,3	18,4	17,8	16,0	15,6	16,4
Skattar á launagreiðslur Taxes on payroll	0,0	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Eignarskattar Taxes on property	2,6	2,1	2,4	2,2	2,1	2,3	2,3
Skattar á vöru og þjónustu Taxes on G&S	16,7	17,2	16,0	13,2	11,7	12,0	12,1
Skattar á alþ.viðskipti Taxes on intern. trade	0,3	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Aðrir skattar Other taxes	0,2	0,1	0,1	0,1	0,4	0,4	0,4
Tryggingagjöld Social contributions	3,2	3,3	3,0	2,8	3,1	4,1	4,1

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 7,3 milljörðum króna á árinu 2011 eða 0,4% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 93,4 milljarðar króna árið 2011 og lækkuðu um 3,8 milljarða króna milli ára. Lækkunin kom mest fram í eignatekjum hins opinbera, þ.e. vaxta- og arðgreiðslum, sem námu rúmlega 33 milljörðum króna á árinu og lækkuðu um 6,8 milljarða króna. Sala á vöru og þjónustu hækkaði hins vegar um 1,2 milljarða og nam rúmlega 50 milljörðum króna.

**Tafla 6. Tekjuskattar hins opinbera 2005–2011**

Table 6. The general government tax on income and profits 2005–2011

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	180,2	213,6	241,4	263,5	239,9	239,7	266,2
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	145,4	163,3	180,1	195,6	192,3	197,3	220,0
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	20,3	28,1	32,6	28,5	26,5	14,6	29,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	14,5	22,3	28,8	39,3	21,1	27,7	16,8
<b>Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i></b>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	17,6	18,3	18,5	17,8	16,0	15,6	16,4
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	14,2	14,0	13,8	13,2	12,8	12,8	13,5
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	2,0	2,4	2,5	1,9	1,8	1,0	1,8
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	1,4	1,9	2,2	2,7	1,4	1,8	1,0

**Útgjöld hins opinbera**

Útgjöld hins opinbera lækkuðu úr 51,5% af landsframleiðslu árið 2011 í 47,3% árið 2010

Útgjöld hins opinbera námu ríflega 769 milljörðum króna árið 2011 og lækkuðu um 22,5 milljarða króna úr 51,5% af landsframleiðslu 2010 í 47,3% 2011. Séu áfallnar ríkisábyrgðir árin 2010 og 2011 vegna banka og lánasjóða undanskildar hækkuðu útgjöld hins opinbera hins vegar um tæp 14 milljarða króna milli ára. Í þeirri hækkun vógu þyngst félagslegar tilfærslur sem jukust um rúmlega 18 milljarða króna milli ára og samneysluútgjöldin sem jukust um 12,6 milljarða króna, en á móti vóg ríflega 15 milljarða króna samdráttur í fjárfestingu hins opinbera. Þessi útgjaldahækkun endurspeglast einnig í útgjöldum ríkissjóðs, sem hækkuðu um rúmlega 10 milljarða króna milli ára án áfallinna ríkisábyrgða þessara ára.

Heildarútgjöld sveitarfélaga jukust um 11,5 milljarða króna milli ára, en samneysluútgjöld þeirra hækkuðu um 12 milljarða króna og tilfærslur um ríflega 3 milljarða á sama tíma og fjárfestingin dróst saman um 5 milljarða króna. Útgjöld almannatrygginga hækkuðu um rúmlega 13,2 milljarða króna milli ára, sem skýrist fyrst og fremst af auknum félagslegum tilfærslum sem jukust um 10,7 milljarða króna, en heildarútgjöld almannatrygginga 2011 námu 154,2 milljörðum króna eða 9,5% af landsframleiðslu.

**Tafla 7. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2005–2011**

Table 7. The general government expenditure 2005–2011


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hið opinbera <i>General government</i>	433,3	486,6	553,1	853,7	763,3	791,9	769,3
Ríkissjóður <i>Central government</i>	318,0	350,9	403,2	668,6	571,1	614,4	588,4
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	129,7	157,4	177,3	206,3	204,2	205,5	217,0
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	77,6	82,7	92,0	108,8	144,1	141,0	154,2
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	42,2	41,7	42,5	57,7	51,0	51,5	47,3
Ríkissjóður <i>Central government</i>	31,0	30,0	31,0	45,2	38,1	40,0	36,2
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,6	13,5	13,6	13,9	13,6	13,4	13,3
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,6	7,1	7,1	7,3	9,6	9,2	9,5

Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu, námu ríflega 411 milljörðum króna árið 2011 eða sem svarar 25,3% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um 12,6 milljarða króna milli ára en lækkuðu sem hlutfall af landsframleiðslu um 0,8 prósentustig og að magni til um 0,9%. Launaútgjöldin námu 236 milljörðum króna,

kaup á vöru og þjónustu ríflega 190 milljörðum króna og afskriftir 35 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð rúmlega 50 milljarðar króna.

### Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Fjárfestingarútgjöld hins opinbera drógust allnokkuð saman á árinu 2011, en þau námu 29,5 milljörðum króna og lækkuðu um ríflega 15 milljarða króna milli ára og urðu 1,8% af landsframleiðslu, sem er lægsta hlutfall á lýðveldistímanum. Fjárfesting ríkissjóðs lækkaði um rúmlega 10,3 milljarða króna og fjárfesting sveitarfélaga um 5 milljarða.

### Tafla 8. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2005–2011

Table 8. The general government expenditure by economic type 2005–2011

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútgjöld Total expenditure	42,2	41,7	42,3	57,7	51,0	51,5	47,3
Laun Wages and salaries	15,6	15,3	14,8	14,6	15,0	14,8	14,5
Kaup á vöru og þjón. Use of goods & services	10,7	10,6	10,8	11,6	12,5	12,2	11,7
Vaxtagjöld Interest	2,2	2,2	2,6	3,3	6,6	5,5	5,1
Framleiðslustyrkir Subsidies	2,0	1,7	1,8	1,8	1,9	1,8	1,7
Félagslegar tilf. til heimila Social benefits	6,2	5,7	5,8	6,1	8,1	7,9	8,5
Önnur tilfærsluútgjöld Other expenditure	2,3	2,1	2,2	15,5	3,0	6,2	3,6
Fjárfesting Acquisition of nonfinancial assets	3,1	3,9	4,2	4,5	3,5	2,9	1,8

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 230 milljörðum króna árið 2011 eða rúmlega 14% af landsframleiðslu. Lækkuðu þau um 18,4 milljarða króna milli ára, en hækkuðu um 17,8 milljarða króna séu áfallnar ríkisábyrgðir árána undanskildar. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem námu um 138,8 milljörðum króna árið 2011, hækkuðu um rúmlega 18 milljarða króna milli ára eins og áður segir, en aðrir tilfærsluliðir hækkuðu lítillega að fjármagnstilfærslum undanskildum.

Vaxtagjöld hins opinbera 2011  
5,1 % af landsframleiðslu

Vaxtaútgjöld hins opinbera lækkuðu nokkuð árið 2011 en þau námu um 83,5 milljörðum króna, samanborið við um 84,8 milljarða 2010 og 99,6 milljarða króna



2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 5,1% árið 2011 og sem hlutfall af tekjum 12,4%.


**Tafla 9. Meginmálaflokkar hins opinbera 2005–2011**

Table 9. The general government main functions 2005–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	42,25	41,64	42,27	57,67	50,97	51,54	47,30
Æðsta stjórnarsýsla <i>Gen. public services</i>	5,09	4,83	5,55	6,49	9,96	8,85	8,41
Varnarmál <i>Defence</i>	0,04	0,07	0,06	0,06	0,04	0,05	0,04
Réttar- og öryggismál <i>Public order and safety</i>	1,45	1,45	1,46	1,52	1,64	1,40	1,44
Efnahags- og atvinnumál <i>Economic affairs</i>	5,76	5,90	5,80	19,47	6,26	7,00	5,74
Umhverfismál <i>Environmental protection</i>	0,68	0,65	0,63	0,66	0,67	0,65	0,64
Húsn.- og skipulagsmál <i>Housing &amp; community</i>	0,39	0,65	0,48	0,51	0,49	2,50	0,30
Heilbrigðismál <i>Health affairs</i>	8,09	7,92	7,89	7,92	8,34	7,88	7,64
Menning og íþróttamál <i>Recreation and culture</i>	3,35	3,59	3,76	3,78	3,70	3,69	3,48
Fræðslumál <i>Education</i>	8,35	8,30	8,11	8,35	8,55	8,33	7,87
Alm.trygg. og velferðarmál <i>Social protection</i>	9,07	8,30	8,51	8,91	11,30	11,20	11,74

**Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF<sup>1</sup>**

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP<sup>1</sup>



<sup>1</sup> 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum veðlánum Seðlabanka Íslands 2008 er ekki með talin undir efnahags- og atvinnumálum. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is excluded from economic affairs.

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru víðamestu málaflokkar hins opinbera

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnarsýslu, lög-gæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans voru 11,7% af landsframleiðslu 2011, eða um 191 milljarður króna, og hafa aukist um 0,5 prósentustig af landsframleiðslu frá 2010 eins og sést á mynd 6. Til fræðslumála hins opinbera runnu 128 milljarðar króna 2011 eða 7,9% af landsframleiðslu og lækkuðu útgjöldin um 0,5% af landsframleiðslu milli ára. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu rúmlega 124 milljarðar króna 2011 eða 7,6% af landsframleiðslu, sem er 0,3 prósentustigum lægra en árið áður. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir, en til þessara málaflokka runnu um 443 milljarðar króna eða 57,6% útgjalda hins opinbera eða 27,3% af landsfram-leiðslu.

Útgjöld hins opinbera vegna stjórnsýslu og almennra málefna voru 136,7 milljarðar króna í fyrra, eða um 8,4% af landsframleiðslu, og eru svipuð í krónum talið milli ára. Kostnaður vegna lög- og réttargæslu, ásamt öryggismálum, lækkaði um 2 milljarða króna frá fyrra ári og námu útgjöldin 23,4 milljörðum króna 2011 eða 1,4% af landsframleiðslu. Útgjöld til umhverfismála hafa verið nokkuð stöðug undanfarin ár eða um 0,6-0,7% af landsframleiðslu. Til efnahags- og atvinnumála var ráðstafað ríflega 93 milljörðum króna árið 2011, eða 5,7% af landsframleiðslu, og lækkuðu þau um 1,3 prósentustig af landsframleiðslu milli ára. Ef útgjöldin eru skoðuð nánar kemur í ljós að 34,3% þeirra runnu í samgöngumál 2011 og 17,4% til landbúnaðarmála. Til menningar-, íþrótta- og trúmála runnu 56,6 milljarðar króna, sem er svipuð fjárhæð og árið 2010. Sem hlutfall af landsframleiðslu mælast þessi útgjöld um 3,5%.

### Heilbrigðismál

147,4 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála árið 2011, eða 9% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2011 námu 118,5 milljörðum króna<sup>1</sup> eða 7,3% af landsframleiðslu og hækkuðu um 4 milljarð króna milli ára, en lækkuðu hins vegar um 0,2 prósentustig af landsframleiðslu. Á þennan mælikvarða hafa þau ekki mælst lægri síðan 1998 er þau mældust 7,2%. Séu útgjöldum heimilanna til heilbrigðismála bætt við fást heildarútgjöld til heilbrigðismála hér á landi, en þau námu 147,4 milljörðum króna árið 2011 eða 9,1% af landsframleiðslu eins og fram kemur í töflu 11. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 19,6% útgjaldanna voru fjármögnuð af heimilunum árið 2011. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um 25,6% frá árinu 1998 og um 7,8% á mann.

Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 97,5% útgjaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2011 fara um 16,6% til heilbrigðismála.

### Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2005–2011

Table 10. The general government expenditure on health 2005–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2011
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health<sup>1</sup></i>	7,16	7,56	8,02	7,50	7,90	7,46	7,29
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,78	0,75	0,85	0,70	0,91	0,82	0,76
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,15	1,35	1,50	1,39	1,48	1,43	1,42
3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i>	5,02	5,24	5,43	5,16	5,26	4,95	4,85
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,05	0,05	0,05	0,06	0,05	0,05	0,03
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,17	0,17	0,20	0,19	0,20	0,21	0,22

<sup>1</sup> Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 10 en ítarlegri sundurliðun er að finna í töflu 26 í töfluviðauka. Árið 2011 var ráðstafað 4,9% af landsframleiðslu til sjúkrahúsaþjónustu, eða um 79 milljörðum króna og var hækkin milli ára 2,8 milljarðar króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu um 68,7% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 29%. Til heilsugæslu (þjónusta við ferlisjúklinga) runnu rúmlega 23 milljarðar króna 2011 eða um 1,4% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

1 milljarður króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð um 12,4 milljarðar króna, en það nemur um 10,5% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða um 0,8% af landsframleiðslu.

**Tafla 11. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2011**

Table 11. The expenditure on health 1998-2011

	Hlufall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Heilb.útgj.-staðvirt <sup>1</sup> <i>Health exp. in fixed prices<sup>1</sup></i>	Heilb.útgj.-staðvirt á mann <sup>1</sup> <i>Health exp. per capita<sup>1</sup></i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,6
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,4	114,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,7	115,2
2004	8,04	1,86	9,89	18,8	122,6	114,7
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	123,6	114,4
2006	7,48	1,65	9,13	18,0	126,3	113,7
2007	7,54	1,60	9,14	17,5	132,8	116,8
2008	7,56	1,59	9,15	17,4	137,0	117,5
2009	7,90	1,74	9,64	18,0	132,6	113,7
2010	7,46	1,82	9,28	19,6	125,7	108,2
2011	7,29	1,78	9,07	19,6	125,6	107,8

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption.*

Í töflu 26 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru um 372 þúsund krónur á mann 2011 og lækkuðu um 3,6 þúsund krónur milli ára, en frá 2008 hafa þau lækkað um 45 þúsund krónur á mann á verðlagi 2011 eða um 11%. Á árinu 2011 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 170 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu 72,3 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 71,6 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 38,9 þúsund krónur á mann.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2011 námu ríflega 116 milljörðum króna, eða 7,2% af landsframleiðslu*

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu ríflega 116 milljörðum króna á árinu 2011<sup>1</sup>, eða 7,2% af landsframleiðslu (sjá töflu 12), og lækkuðu um 0,4 milljarða króna milli ára. Um 47% útgjaldanna runnu til grunnskólastigsins eða 54,7 milljarðar króna, sem eilítið hærri fjárhæð og árið áður. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 23,3 milljarðar króna, eða 1,4% af landsframleiðslu og drógust útgjöldin saman um 1,8 milljarða króna milli ára sem skýrist meðal annars af minni framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða ríflega 20 milljarða króna og hækkuðu útgjöldin um 0,6 milljarða króna frá 2010. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu rúmlega 11 milljörðum króna 2011 sem er svipuð fjárhæð milli ára. Afgangurinn, 5,7% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunarkostnað. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2011 fara um 16,2% til fræðslumála.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

**Tafla 12. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2005–2011***Table 12. The general government expenditure on education 2005–2011*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2011
Fræðsluútgjöld alls <i>Expenditure on education<sup>1</sup></i>	6,45	6,97	7,47	7,36	7,81	7,60	7,15
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,43	0,52	0,47	0,67	0,79	0,73	0,69
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,25	3,43	3,73	3,62	3,66	3,53	3,36
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,33	1,40	1,45	1,26	1,37	1,29	1,25
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,12	1,24	1,39	1,42	1,59	1,63	1,43
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,15	0,20	0,19	0,21	0,27	0,28	0,26
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,18	0,18	0,24	0,18	0,13	0,14	0,15

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Í töflu 27 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru 365 þúsund krónur á mann árið 2011 og hafa lækkað um 52 þúsund krónur frá 2008 á verðlagi 2011 eða um ríflega 12%. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla ríflega 171 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla um 64 þúsund krónur og vegna háskólastigs 73 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, voru um 5,3% útgjaldanna og lækkuðu allnokkuð milli ára.

**Tafla 13. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2011***Table 13. The expenditure on education 1998–2011*

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt <sup>1</sup> <i>Edu. exp. in fixed prices<sup>1</sup></i>	Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann <sup>1</sup> <i>Edu. exp. per capita<sup>1</sup></i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,2
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,2	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,8	115,3
2004	7,47	0,84	8,32	10,2	127,7	119,5
2005	7,59	0,84	8,43	9,9	136,2	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,36	0,77	8,13	9,5	145,0	127,5
2008	7,56	0,71	8,27	8,6	151,6	130,0
2009	7,81	0,74	8,55	8,7	144,9	124,3
2010	7,60	0,75	8,34	9,0	139,6	120,2
2011	7,15	0,74	7,90	9,4	134,4	115,4

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption.*

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 7,9% af landsframleiðslu, eða 128 milljörðum króna

Í töflu 13 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,9% af landsframleiðslu árið 2011, en það samsvarar 128 milljörðum króna. Síðustu þrjú árin hafa útgjöld til fræðslumála verið svipuð í krónum talið, en þau hækkuðu nokkuð milli árána 2008 og 2009. Um 9,4% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum

og hefur sú hlutdeild aukist síðustu tvö árin. Fræðsluútgjöldin á föstu verði<sup>1</sup> hafa lækkað verulega síðustu þrjú árin, en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Vöxturinn frá 1998 á föstu verði er 34,4% eða 15,4% á mann.

## Almannatryggingar og velferðarmál

*Undir almannatryggingar og velferðarmál falla félagslegar tilfærslur til einstaklinga og ýmis konar velferðarþjónusta*

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

*Hið opinbera ráðstafaði 191 milljarði króna til almannatrygginga og velferðarmála 2011, eða 11,7% af landsframleiðslu*

Á árinu 2011 runnu 191 milljarðar króna til málaflokksins, eða 11,7% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára um 19 milljörðum króna. Munar þar mestu um 8,5 milljarða króna hækkun vegna öldrunar, 7,4 milljarða króna hækkun vegna húsnæðisaðstoðar og 5,9 milljarða króna hækkun vegna örorku og fötlunar. Í hlutfalli af landsframleiðslu hækkuðu útgjöld þessa málaflokks um 0,5 prósentustig frá árinu 2010.

Í töflu 14 má sjá yfirlit yfir útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála á árunum 1998 til 2011 (sjá einnig töflu 28 í töfluviðauka). Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar og öldrunar eru umfangsmestu útgjalda-liðirnir. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 48 milljörðum króna og námu um 3% af landsframleiðslu. Til öldrunar rann 41 milljarður króna eða 2,5% af landsframleiðslu og til fjölskyldna og barna um 39 milljarðar króna. Framlög vegna atvinnuleysis námu 24,9 milljörðum króna 2011 samanborið við 25,3 milljarða 2010 og 25,7 milljarða króna 2009.

### Tafla 14. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 1998–2011

Table 14. The general government expenditure on social protection 1998–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2010
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	7,72	7,87	9,45	8,51	11,30	11,20	11,74
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,10	0,08	0,08	0,05	0,06	0,05	0,05
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	1,59	1,76	2,23	2,16	2,73	2,74	2,95
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,53	2,32	2,57	2,23	2,23	2,11	2,52
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,04	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	1,79	2,12	2,62	2,58	2,78	2,73	2,45
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,43	0,26	0,52	0,24	1,72	1,65	1,53
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,76	0,72	0,83	0,61	0,98	1,06	1,46
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,21	0,23	0,23	0,28	0,39	0,44	0,42
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,26	0,35	0,34	0,35	0,40	0,40	0,35

Um 73% útgjalda hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála eru félagslegar tilfærslur til heimilanna, en um 24% samneysluútgjöld af ýmsu tagi og afgangurinn að stærstum hluta aðrar tilfærslur og fjárfestingarútgjöld. Samneysla hins opinbera í velferðarmálum var 40 milljarðar króna 2011. Þar af var samneysla sveitarfélaga ríflega þrjú fjórðu hlutar, sem er að mestu umönnun barna og aldraðra, meðal annars rekstur barna- og elliheimila, og málefni fatlaðra frá og með 2011.

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna. Með notkun launavísitölu kennara væri staðvirðingin nákvæmari.

Samneysla ríkissjóðs á þessu sviði var einungis 3 milljarðar króna árið 2011 eftir að þjónusta við fatlaða fluttist til sveitarfélaga í upphafi ársins. Afgangurinn var samneysla almannatrygginga. Rúmlega sjö tíundu hlutar af heildarsamneyslu hins opinbera í velferðarmálum er launakostnaður. Fjárfesting hins opinbera í velferðarmálum var 2,7 milljarðar króna 2011.

Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála námu sem svarar 599 þúsund krónum á mann 2011

Í töflu 28 eru ítarlegri upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála. Árið 2011 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks 599 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs, eða 37 þúsund króna hærri fjárhæð en árið á undan á sama verðlagi. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru ríflega 150 þúsund krónur á mann 2011 og vegna öldrunar tæplega 129 þúsund krónur. Útgjöld vegna fjölskyldna og barna námu hins vegar um 125 þúsund krónum á mann árið 2011 og vegna atvinnuleysis 78 þúsund krónum. Kostnaður vegna húsnæðisaðstoðar nam ríflega 74 þúsund krónum á mann 2011 og hækkaði um 21 þúsund krónur frá 2010.

## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera hækkuðu um 102 milljarð króna á árinu 2011 og námu 1.283 milljörðum króna í árslok

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.283 milljörðum króna í árslok 2011 eða sem nemur 78,9% af landsframleiðslu. Þær hækkuðu um 102 milljarða króna á árinu. Lánveitingar námu 177 milljörðum króna í árslok 2011 og lækkuðu um 95 milljarða króna milli ára. Sjóður og bankainnistæður hækkuðu hins vegar um 200 milljarða króna á árinu og námu um 564 milljörðum króna í árslok. Viðskiptakröfur voru 173 milljarðar króna í árslok og lækkuðu um 8 milljarða frá fyrra ári (sjá töflu 25 í töfluviðauka).

### Tafla 15. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998–2011

Table 15. The general government financial assets and liabilities 1998–2011

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	1998	2001	2004	2007	2009	2010	2011
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	34,7	45,7	36,8	54,3	79,9	76,9	78,9
Skuldir <i>Liabilities</i>	77,3	75,0	64,5	53,3	119,8	125,0	134,2
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	16,3	10,6	11,5	9,6	41,7	47,0	48,5
Lántökur <i>Loans</i>	28,2	33,3	22,7	18,9	46,2	45,9	52,5
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	6,2	4,7	4,8	5,6	19,2	21,1	23,1
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	22,0	28,6	17,9	13,3	27,0	24,8	29,4
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	25,6	25,6	25,7	20,5	25,3	24,9	25,6
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	7,1	5,4	4,6	4,3	6,6	7,2	7,5
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-42,6	-29,2	-27,7	1,0	-39,9	-48,2	-55,3

Heildarskuldir hins opinbera voru 2.182 milljarður króna 2011 eða 134,2% af landsframleiðslu


Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.182 milljörðum króna í árslok 2011 eða rúmlega 134,2% af landsframleiðslu og hækkuðu um 261 milljarð króna á árinu, en hlutfall skulda af landsframleiðslu var 125,0% 2010 og um 120% af landsframleiðslu árið 2009. Erlendar lántökur hækkuðu um 98 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 478 milljörðum króna eða 29,4% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 376 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um 51 milljarð króna á árinu. Af öðrum skuldum hins opinbera hækkuðu verðbréfasculdir um 66 milljarða króna milli ára og námu 789 milljörðum króna í árslok. Þá lækkuðu viðskiptaskuldir hins opinbera ríflega 12 milljarða og voru í árslok 122 milljarðar króna.

Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 899 milljarða króna í árslok 2011 eða sem svarar 55,3% af lands-

framleiðslu. Staðan versnaði um 159 milljarða króna milli ára eða um 7,1% af landsframleiðslu. Í árslok 2010 var hrein peningaleg eignastaða hins opinbera neikvæð um 48,2% af landsframleiðslu og í árslok 2009 39,9%, en hún var jákvæð um 1,0% af landsframleiðslu 2007. Veruleg umskipti hafa því verið á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga var neikvæð um 47,2% af landsframleiðslu árið 2011 og hrein peningaleg eignastaða sveitarfélaga neikvæð um 8% af landsframleiðslu. Í árslok 2010 var hún neikvæð um 6,2% af landsframleiðslu og í árslok 2007 um 1,4%.

### Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



### Hið opinbera og opinber fyrirtæki (e. public sector)

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Tafla 16. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2000–2011

Table 16. Public sector accounts 2000–2011

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2000	2003	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrartekjur Total revenue	61,4	60,3	64,6	62,8	67,1	60,9	57,7	59,6
Rekstrargjöld Total expenditure	56,5	60,4	54,8	54,0	79,2	68,9	66,9	63,4
Rekstrarjöfn. Net operation balance	4,9	-0,1	9,8	8,7	-12,2	-8,0	-9,2	-3,8
Fjárfesting Acq. nonfin. assets	5,3	5,2	9,0	9,1	7,6	3,8	2,4	0,2
Tekjujöfn. Net lending/borrowing	-0,4	-5,2	0,8	-0,4	-19,7	-11,8	-11,6	-3,9
Hrein peningaleg eign Net fin. assets	-47,3	-39,6	-16,5	-21,7	-62,6	-79,3	-81,9	-87,4


Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var neikvæð um 3,9% af landsframleiðslu 2011.

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er þó áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Í töflu 16 og töflu 29 koma fram upplýsingar um helstu hagstærðir þessa geira árin 2000 til 2011. Fram kemur m.a. að heildartekjur námu 59,6% af landsframleiðslu 2011 og

heildarútgjöld 63,2%. Tekjuafkoma<sup>1</sup> hans var neikvæð um 3,9% af landsframleiðslu 2011 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera í þrengri merkingu var neikvæð um 5,4%. Lakari tekjuafkomu hins opinbera að meðtöldum fyrirtækjum þess má yfirleitt skýra með miklum fjárfestingum fyrirtækjanna umfram rekstrarafgang, en svo er ekki á árunum 2009-2010 því fjárfesting umfram afskriftir er í algjöru lágmarki eða einungis 0,2% af landsframleiðslu árið 2011 (2,4% árið 2009). Mynd 8 sýnir hvernig tekjuafkoma þessara aðila hefur þróast síðustu ár. Einnig er áhugavert að skoða hvernig hrein peningaleg eign opinberra aðila hefur þróast undanfarin ár, en lesa má í töflu 16 að hún var neikvæð um 87,4% af landsframleiðslu árið 2011. Á síðasta áratug mældist hún hæst á þennan mælikvaða árið 2006 er hún var neikvæð 16,5% af landsframleiðslu.

### Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



**Skýringar** Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er ekki meðtalin. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is excluded.

### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, [www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera](http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera).

<sup>1</sup> Tekjujöfnuður sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísibendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.



## English summary

In 2011, the financial balance of the general government was 88.5 billion ISK in deficit or 5.4% of GDP, which can be compared with a deficit of 10% of GDP for 2010 or deficit of 6.5% if called guarantees are excluded (see figure 2). The reduced deficit in 2011 can be explained by 6.8% increase in revenue and 2.8% decrease in expenditure. The general government total revenue amounted to 41.9% of GDP in 2011, compared with 41.5% in 2010 and 41.0% in 2009. The general government total expenditure amounted to 47.3% of GDP in 2011 compared with 51.5% in 2010 and 51.0% in 2009. By excluding called guarantees, the total expenditure in 2011 increased by 0.8% of GDP.

In 2011, the total expenditure on health was 9.1% of GDP, of which 80.4% was financed by the general government and the rest by households. The health expenditure per capita was 372 thousand ISK in 2011 and has decreased by 45 thousand ISK (2011 prices) since 2008 or by 11%. The total expenditure on education was 128 billion ISK in 2011 or 7.9% of GDP, of which 90.6% was financed by the general government. The expenditure per capita was 365 thousand ISK in 2011 and has decreased by 52 thousand ISK from 2008 in 2011 prices. The total general government expenditure on social protection in 2011 was 191 billion ISK or 11.7% of GDP. In total, 57.6% of the general government total expenditure goes to these functions or 27.3% of GDP.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 899 billion ISK in 2011 or 55.3% of GDP. The deterioration from 2010 is 159 billion ISK or 7.1% of GDP. The general government total financial assets amounted to 1,283 billion ISK at the end of 2011 and the total liabilities, 2,182 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at: [www.statice.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances](http://www.statice.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances). An English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 31.

**Tafla 17. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2003–2011**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>360.028</b>	<b>409.478</b>	<b>483.564</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>	<b>653.559</b>	<b>614.290</b>	<b>637.289</b>	<b>680.865</b>
<b>11 Skatttekjur</b>	<b>282.405</b>	<b>323.275</b>	<b>383.694</b>	<b>445.445</b>	<b>490.503</b>	<b>500.773</b>	<b>459.925</b>	<b>474.064</b>	<b>517.687</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	134.551	149.749	180.170	213.633	241.378	263.455	239.890	239.664	266.232
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafli	490	516	324	390	1.519	2.243	2.470	2.827	2.900
113 Eignarskattar	18.894	22.723	26.405	24.660	30.860	32.039	31.163	35.455	37.418
114 Skattar á vöru og þjónustu	124.425	145.728	171.659	200.561	209.542	195.018	174.890	184.179	197.283
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446	5.864	5.309	5.952	7.288
116 Aðrir skattar	1.366	1.474	1.597	1.579	1.758	2.153	6.203	5.988	6.567
<b>12 Tryggingagjöld</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>39.594</b>	<b>41.644</b>	<b>45.912</b>	<b>63.599</b>	<b>66.820</b>
<b>13 Fjárframlög</b>	<b>1.033</b>	<b>1.286</b>	<b>1.157</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>	<b>1.502</b>	<b>2.156</b>	<b>2.403</b>	<b>2.944</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	40	38	40	26	–	–	–	–	321
132 Frá alþjóðastofnunum	993	1.248	1.117	1.360	1.112	1.502	2.156	2.403	2.623
133 Frá opinberum aðilum	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<b>14 Aðrar tekjur</b>	<b>50.537</b>	<b>56.553</b>	<b>65.936</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>	<b>109.640</b>	<b>106.297</b>	<b>97.223</b>	<b>93.414</b>
141 Eignatekjur	17.861	19.690	26.171	33.412	46.094	57.047	53.364	39.990	33.143
142 Sala á vöru og þjónustu	29.139	32.380	35.921	37.605	41.029	47.491	46.485	48.930	50.159
143 Sektir og skaðabætur	1.071	2.762	938	1.663	2.757	1.846	2.714	3.214	4.485
144 Frjáls fjárframlög	1.222	887	1.682	1.480	1.506	1.419	1.511	1.745	1.627
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	1.243	835	1.225	1.048	1.190	1.837	2.223	3.344	4.000
<b>Heildargjöld (2+31)<sup>1</sup></b>	<b>383.782</b>	<b>409.198</b>	<b>433.346</b>	<b>486.616</b>	<b>553.094</b>	<b>853.725</b>	<b>763.327</b>	<b>791.880</b>	<b>769.343</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>369.341</b>	<b>390.413</b>	<b>420.206</b>	<b>461.874</b>	<b>521.178</b>	<b>814.936</b>	<b>742.678</b>	<b>780.780</b>	<b>774.899</b>
21 Laun	136.890	145.491	160.385	178.791	193.583	216.200	223.978	227.055	236.106
22 Kaup á vöru og þjónustu	95.335	102.694	109.472	123.363	141.446	171.386	187.459	186.892	190.207
23 Afskriftir	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829	27.214	31.992	33.601	35.076
24 Vaxtagjöld	23.074	22.571	22.567	25.201	33.942	49.497	98.553	84.823	83.508
25 Framleiðslustyrkir	15.956	16.991	20.719	20.257	23.316	27.326	28.005	27.489	28.179
26 Fjárframlög	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	4.890	4.514
261 Til erlendra stjórnvalda	–	–	–	–	–	–	–	–	–
262 Til alþjóðastofnana	969	1.249	1.261	2.095	2.366	3.516	5.329	4.890	4.514
263 Til opinberra aðila	–	–	–	–	–	–	–	–	–
